

**Sp.**

## 1. Tillaga til þingsályktunar

[1. mál]

um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirfarandi ráðstafanir til að bæta úr fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins:

1. Að hlutast til um, að veðdeild Landsbankans gefi þegar út vísitölutryggð bankavaxtabréf, B-flokks bréf, fyrir a. m. k. 20 milljónir króna.
2. Að seðlabankinn tryggi sölu á bankavaxtabréfum, A- og B-flokks, að upphæð 40 milljónir króna.
3. Að beita sér fyrir því, að atvinnuleysistryggingasjóður kaupi A-flokks bréf fyrir allt að 10 milljónir króna eða veiti sammingsbundið lán til skemmri tíma.
4. Tekið verði erlent lán að upphæð 50 milljónir króna, og verði það endurlánað Byggingarsjóði ríkisins, enda verði láninu að verulegu leyti varið til íbúða-bygginga á félagsgrundvelli, er húsnæðismálastofnun ríkisins hafi forgöngu um og við það miðist að lækka íbúðaverð og bæta úr húsnæðisvanda þeirra, sem verst eru settir í þeim efnunum.

### Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er samhljóða tillögu, er ég flutti á sumarpinginu, en náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Það er kunnugt, að hjá Húsnæðismálastofnuninni liggja mörg hundruð umsóknir um byggingalán, sem enga afgreiðslu hafa hlotið vegna fjárskorts stofnunarinnar. Auk þess skipta þær umsóknir hundruðum, sem aðeins hafa verið afgreiddar að nokkru leyti, — þ. e. að umsækjendur hafa aðeins fengið byrjunarlán, en biða þess að geta fengið viðbótarlán.

Þær tafir á byggingu íbúðarhúsnæðis, sem af þessum lánsfjárskorti leiðir, eru í senn dýrar einstaklingunum, sem að byggingarframkvæmdunum standa, og þjóðfélaginu í heild. Hús, sem er mörg ár í smíðum, verður miklu dýrara en vera þyrfti, ef hægt væri að halda byggingarframkvæmdum áfram með eðlilegum hraða. Og þjóðfélaginu er það einnig næsta óhagkvæmt að eiga hundruð milljóna bundin í hálfgerðum og ónothæfum húsum árum saman. — Úr þessu verður að bæta, — og úr þessu er hægt að bæta.

Hér er lagt til, að seðlabankanum verði falið að tryggja sölu á A- og B-flokks bankavaxtabréfum fyrir 40 milljónir króna samtals.

Í annan stað er lagt til, að leitað sé til atvinnuleysistrygginganna og þær annaðhvort fengnar til að kaupa A-flokks bréf fyrir allt að 10 milljónir króna eða — ef þær treystast ekki til að binda slíka upphæð til svo langs tíma — að fá þá 10 milljónir króna hjá atvinnuleysistryggingasjóði í formi umsamins láns til skemmri tíma.

Í síðasta lið tillögunnar er svo lagt til, að tekið verði 50 milljón króna erlent lán til húsnæðismálanna. Að sjálfsögðu yrði það tekið af ríkissjóði, en síðan endurlánað Byggingarsjóði ríkisins.

Til þess er ætlað, að meginhluta þessa láns yrði varið til byggingarstarfsemi á vegum Húsnæðismálastofnunarinnar sjálfar. Hún undirbúi sem bezt má verða tæknihlið byggingarstarfsins, efnisinnkaup o. fl. með tilliti til þess að lækka sem allra mest byggingarkostnaðinn. En síðan séu íbúðirnar seldar eða leigðar miðað við kostnaðarverð og þeir látnir sitja fyrir, sem verst eru á vegi staddir í húsnæðismálum.

Fjáröflun fyrir Byggingarsjóð ríkisins er orðin bráðaðkallandi mál.

Húsnæðismálastofnunin hefur aðeins þá tekjustofna, sem henni voru tryggðir með lögum í tíð vinstri stjórnarinnar — um 40 milljónir á ári. En síðan hafa engar ráðstafanir verið gerðar til nýrrar tekjuöflunar. Liggur nú við, að neyðarástand hafi skapast í þessum málum.

Það fólk, sem er að brjóta sig og sína af litlum efnunum, en af ótrúlegu harðfygli, áræði og dugnaði, á vissulega heimtingu á, að þjóðfélagið komi því til hjálpar. — Nánar verður málið skýrt í framsögu.